

Skólaráðsfundur 30.09.2025

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldraráðs), Helga Björk Árnadóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Karítas Kristjánsdóttir (fulltrúi kennara), Anna Karen Ágústsdóttir (fulltrúi Krakkalands), Ólafur B. Thoroddsen (fulltrúi nemenda), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólastjóri), Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri) og gestir.

Starfsáætlun Snælandsskóla veturinn 2025-2026

Skólastjóri fór yfir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2025-2026. Hann ræddi breytingar sem snú að því að námsmatskvarðar hafa verið samræmdir innan Kópavogsbæjar. Sjá mynd.

1.-2. bekkur	3. - 10. bekkur		
	A	<u>Framúrskarandi</u>	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	<u>Mjög góð hæfni</u>	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	<u>Hæfni náð</u>	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	<u>Á góðri leið</u>	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	<u>Darfnast þjálfunar</u>	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
	D	<u>Hæfni ekki náð</u>	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Áfram verður unnið í þemavinnu í unglingadeildinni eins og gert var í fyrra í verkefni sem heita Krækjur og við fjölgum vikunum sem fara í vinnuna.

Það einnig breyting á skólastarfinu að Snælandsskóli hefur tekið upp PALS kennslu á yngsta- og miðstigi og kennslustundir á stundaskrá hafa verið merktir þeirri kennslu. Við viljum auka vinnu í skólanum tengda lestri og læsi. Ný lestrar- og læsisstefna skólans sem kom út í haust lýsir starfinu með ítarlegum hætti.

Starfsáætlun er á heimsíðu skólans, hún var samþykkt.

Starfsáætlun Krakkalands veturinn 2025-2026

Forstöðumaður fór yfir nokkur atriði áætlunar.

Starfsáætlun er á heimsíðu skólans, hún var samþykkt.

Námsumsjónarkerfið Námfús

Kynnt var á fundinum að unglingadeildin muni prufa námsumsjónarkerfi sem heitir Námfús í vetur. Litið er á að þetta sé prufutímabil. Ef vel tekst til þá ætlar skólinn að endurskoða hvaða námsumsjónarkerfi er notað í skólanum.

Skólaárið 2025-2026

Skólastjóri rakti breytingar á starfsfólki skólans og nefndi það vandamál að mikið væri um langtímaveikindi og orlof.

Ný lestrar- og læsisáætlun

Skólastjóri fór yfir vinnuferlið bak við nýju áætlunina. Það var sérstakt teymi sem vann áætlunina í samstarfi við kennara og læsisráðgjafa Kópavogsbæjar. Ný lestrar- og læsisáætlun Sælandsskóla er á heimsíðu skólans.

Forvarnaráætlun

Í vetur mun skólinn endurskoða forvarnaáætlun skólans í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar.

Húsnæðið og framkvæmdir

Farið var yfir þær framkvæmdir sem eru að klárast. Miklar framkvæmdir voru á A-álmunni og í kjölfarið þá voru útbúin fleiri sérkennslurými. Einnig voru gerðar breytingar á staðsetningu textílstofu og tveimur nýjum stofum var bætt við sérkennsluna á miðstiginu. Þröngt er um unglingana í skólana og sækja þeir kennslustundir á víð og dreif um skólann.